

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
MI. 11.11.14	Ábm. <u>Sæg</u>
Innk. 3.	SEP. 2013
IRR	13090024

Innanríkisráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

**Efni:** Uppreist æru

**Umsækjandi:** Sigurður Kristinsson kt. 041281-4489 til heimilis að [REDACTED]

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. júní 2004 sem síðar var staðfestur með dómi Hæstaréttar þann 9. desember 2004 í máli nr. 326/2004, var umsækjanda, Sigurði Kristinssyni, gert að sæta fangelsisvist í tvö ár vegna hlutdeilda sinnar í brennu, en slíkt brot er talið varða við ákvæði 164. gr. almennra hegningarlaga. Til frádráttar tveggja ára fangelsisvistar kom sá tími sem Sigurður hafði setið í gæsluvarðhaldi. Sigurður lauk afplánun í júní 2006. Á meðan á fangelsisvist sinni stóð hóf Sigurður að [REDACTED] Sigurður hefur í félagi við Þorlák Morthens og Pétur Blöndal Gíslason sinnt því verðuga starfi að fara reglulega á Litla Hraun og [REDACTED]

Umsækjandi hefur síðan árið 2007 stýrt og verið í forsvari fyrir þrjú byggingaverktakafyrirtæki og hefur sá rekstur skilað mikilli velgengni enda hafa Sigurður og samstarfsfélagar hans innt af hendi mörg verkefni og þar á meðal fjölda verkefna í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Af þeirri ástæðu og mörgum öðrum hefur Sigurður tekið þá ákvörðun að sækja um uppreist æru.

Umsækjandi hefur allt frá því hann lauk afplánun verið löghlýðinn þjóðfélagsþegn og ráðsettur tveggja barna faðir í sambúð.

Meðfylgjandi eru vottorð um góða hegðun Sigurðar frá þeim Þorláki Morthens og Pétri Blöndal Gíslasyni.

Virðingarfyllst,

Sigurður Kristinsson

Sigurður Kristinsson

29 ágúst 2013

Til þess er málið varðar

Frá því 2007 höfum við Sigurður Kristinsson átt samleið á lífsins vegi og verið í stöðugu sambandi allan þennan tíma og er mér það sönn ánægja að geta vottað það að þar er á ferðinni traustur, áreiðanlegur og góður maður.

Með Sigurði hef ég tekið þátt í að byggja upp öflugt sjálfshjálparstarf innan fangelsa til hjálpar föngun og hefur hann sýnt þar frábært frumkvæði, þolgæði og óeigingrnan kærleik, þá hef ég einnig tekið þátt í veraldlegri verkefnum með honum og er hann þar sami maðurinn, áreiðanlegur og duglegur.

Í stuttu máli leyfi ég mér af einlægni að fullyrða að í Sigurði er að finna það sem að maður getur kallað "fyrirmynnar samborgari".

Ef þörf krefur væri mér það ljúft og skyllt að gera frekari grein fyrir því sem hér er sagt.

Virðingarfyllst

Jóhann Morthens.

þorlákur Morthens.

Kt: 031053 5799

29 ágúst 2013

Til þess er málið varðar

Ég undirritaður votta hér með að Sigurður Kristinsson hefur verið í mínum félagahóp undanfarin ár á veguinum til betra lífs. Höfum við meðal annars leitt starf á Litla Hrauni sem miðar að því að styðja fanga í afplánun til betri vegar. Sigurður Kristinsson hefur þar verið ómetanlegur liðsauki og sá kraftur sem honum fylgir eftir að hann snéri við sínu blaði hefur verið innblástur fyrir marga. Ég leyfi mér að fullyrða að Sigurður er staddur á allt öðrum stað með sitt líf en fyrir 7 árum síðan þegar hann umsnéri lífi sýnu. Sjálfur snéri ég mínu blaði árið 1983 og finn ég sama eldmóðinn í Sigurði og þann er bjargaði mér.

Ef einhverjar frekari upplýsingar óskast þá er mér einstaklega ljúft að veita þær.

Virðingarfyllst



Pétur Blöndal Gíslason

Kt: 230958-5649

Tíllaga  
til  
forseta Íslands  
um uppreist æru.

Sigurður Kristinsson, kt. 041281-4489, til heimilis  
að hefur farið þess  
á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að  
því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 9.  
desember 2004, þar sem honum var gert að sæta 2  
ára óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum  
hegningarlögum.

*Festlað  
á seðlögum  
Reykjavík  
8. október 2013  
Dómkynnum*

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess  
að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér  
að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast  
að veita nefndum Sigurði Kristinssyni uppreist æru  
sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,  
26. september 2013.

Allravirðingarfyllst,  
*Hann B. Kristinsson*

*Requilibundspáttadótt*